

## ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 44/2020

frá 20. mars 2020

### um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1583 frá 25. september 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar ráðstafanir vegna öryggis á Netinu <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66he (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 1583**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1583 frá 25. september 2019 (Stjtið. ESB L 246, 26.9.2019, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1583, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. mars 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 246, 26.9.2019, bls. 15.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 20. mars 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Clara Ganslandt***

*formaður.*

ÓOPINBER ÞÝÐING